

# Ársreikningur 2009

## Greinargerð sveitarstjóra um ársreikninginn lögð fram við síðari umræðu í sveitarstjórn þriðjudaginn 18. maí 2010.

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2009 hefur svipað yfirbragð og ársreiknur ársins á undan en þá hafði orðið grundvallarbreyting milli ára. Árið 2007 skilaði Sveitarfélagið Skagafjörður og stofnanir þess jákvæðri niðurstöðu í ársuppgjöri í fyrsta sinn í mörg ár, þ.e. hagnaður varð það ár af rekstri samstæðunnar í heild. Það ár voru tekjur nokkuð hærrí en oft áður vegna viðbótarframlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem skýrði að hluta góða afkomu en ekki eingöngu því jafnframt hafði náðst töluverður árangur í rekstrarhagræðingu. Þessi ánægjulegi viðsnúningur stóð ekki lengi og með efnahagskreppu þeirri er brast á haustið 2008, í kjölfar hruns stærstu banka landsins, horfum við enn á ný fram á taprekstur af samstæðunni.

Ársreikningurinn fyrir árið 2009 ber einnig merki erfiðs árferðis þegar horft er til niðurfærslna eignarhluta í rekstrareiningum sem sveitarfélagið og dótturfyrirtæki hafa lagt töluvert fé í á undanförunum árum. Nema niðurfærslur tæpum 70 millj. króna eingöngu vegna Gagnaveitu Skagafjarðar sem hefur þó verið að vinna merkilegt starf að frampróun tæknilána í sveitarfélaginu. Forsendur hafa hins vegar ekki enn skapast til að afla félaginu tekna til að mæta í einhverju þeim mikla kosnaði Ýmis önnur atriði í *ársreikningnum* bera merki þess erfiða árferðis sem við búum við og mun ég rekja þau atriði nánar síðar í greinargerð þessari og tæpa jafnframt á atriðum er lúta að rekstri og efnahag samstæðunnar á s.l. ári og freista þess að varpa ljósi á þau áhrif sem ytri aðstæður hafa haft á rekstrarforsendur um leið og ég geri grein fyrir helstu stærðum í ársreikningnum.

Eins og árið á undan ber ársreikningurinn 2009 veruleg merki þess efnahagssumhverfis sem við búum við í landinu um þessar mundir. Efnahagsþrengingar og fall íslensku krónunnar í kjölfar bankahruns árið 2008 olli verulegri hækkun fjármagnsliða það ár, einkum í B hluta samstæðunnar. Munaði þar mestu um gengismun erlendra lána. Þó að fjármagnsliðir lækki verulega milli áranna 2008 og 2009 er þessi liður ennþá það hár að hann hefur veruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu, ekki síst nú þegar tekjur lækka að raungildi milli ára vegna lækkunar á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Hér á eftir hef ég tekið saman frekari upplýsingar og vangaveltur sem ég vona að skýri ýmis atriði eitthvað, veki spurningar um önnur og varpi ljósi á stöðu sveitarfélagsins og stofnana þess í dag þegar öldurótið í íslensku samfélagi er eins og raun er í dag. Að öðru leyti vísa ég til ágættra skýringa með ársreikningnum sjálfum og skýrslu endurskoðanda. Heilt yfir tel ég okkur, íbúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar geta verið nokkuð sátt við það hvernig mál hafa þróast hjá okkur á undanförunum árum en mikilvægasta verkefnið framundan tel ég vera það að ná okkur upp úr taprekstri á eins skömmum tíma og kostur er. Það er ekki auðvelt viðfangsefni í stöðunni í dag en afar mikilvægt. Sveitarstjórnarfulltrúar og starfsmenn sveitarfélagsins verða að halda vöku sinni og gæta afar vel þess fjöreggs sem menn eru með í höndunum og bera ábyrgð á.

## Vangaveltur og ítarlegri skoðun á ársreikningi.

Árið 2007 skilaði Sveitarfélagið Skagafjörður og stofnanir þess jákvæðri niðurstöðu í ársuppgjöri í fyrsta sinn í mörg ár, þ.e. hagnaður varð það ár á rekstri samstæðunnar í heild. Þessi ánægjulegi viðsnúningur stóð ekki lengi og með efnahagskreppu þeirri er brast á haustið 2008, í kjölfar hruns stærstu banka landsins, horfðum við skyndilega fram á taprekstur af samstæðunni í heild næsta ár á eftir og nú áfram á s.l. ári þrátt fyrir að töluverður árangur hafi náðst í rekstrarhagræðingu. Ég mun í greinargerð þessari tæpa á atriðum er lúta að rekstri og efnahag og þó hún sé nokkuð ítarleg tekur hún ekki á tæmandi hátt til allra upplýsinga sem í ársreikningnum má finna, heldur tæpir á helstu niðurstöðum og skoðunarverðum liðum hans að mati undirritaðs, enda fylgja ársreikningnum greinargott sundurliðunarhefti og skýrsla endurskoðanda um endurskoðun sem vísast til um atriði sem ég bæði fjalla um og fjalla ekki sérstaklega um hér.

### Rekstur.

Rekstrartekjur Sveitarfélagsins Skagafjarðar námu á árinu **3.086 millj. króna** af samstæðunni í heild, A og B hluta. Þar af voru rekstrartekjur A hluta **2.689 millj. króna**. Rekstrargjöld að frátöldum fjármagnsliðum voru **2.955 millj. króna**, þ.a. A hluti **2.691 millj. króna** og fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur námu **320 millj. króna**, þ.a. A hluti **143 millj. króna**. Rekstrarniðurstaða A hluta sveitarsjóðs var því neikvæð um **1,7 millj. króna** fyrir fjármagnsliði en rekstrarniðurstaða samstæðunnar í heild, A og B hluta var jákvæð fyrir fjármagnsliði um rúmar **131 millj. króna**. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru í samstæðunni í heild samtals um **320 millj. króna**, þ.a. eru um **143 millj. króna** fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur í A-hluta sveitarsjóðs. Niðurfærsla eignarhluta í öðrum félögum er gerð í ársreikningnum samtals að fjárhæð **63,5 millj. króna**, þ.a. hjá sveitarsjóði, A-hluta **21,5 millj. króna**. Rekstrartap A-hlutans er því samtals um **166 millj. króna** og rekstrartap samstæðunnar í heild **252 millj. króna**.

### Efnahagur.

Eignir Sveitarfélagsins Skagafjarðar voru í árslok **5.496 millj. króna**, þ.a. eignir A hluta **3.890 millj. króna**. Skuldir og skuldbindingar voru í árslok **4.197 millj. króna**, þ.a. hjá A hluta **2.424 millj. króna**. Eigið fé nam því **1.299 millj. króna** hjá samstæðunni og eiginfjárhlutfall því **0,24**. Af þessari tölu nam eigið fé A hluta **1.466 millj. króna**, eiginfjárhlutfall **0,38**.

### Helstu stærðir í rekstri.

#### Rekstrartekjur

Sé horft til samanburðar milli ára á þessum helstu stærðum er lúta að rekstri er breytingin umtalsverð. Á hún sér skýringar í nokkrum þáttum. Eftirfarandi tafla (1) sýnir rekstrarniðurstöðu árána 2006 - 2009 og hlutfallslega breytingu milli ára.

Tafla 1	2006	2007	2008	2009	Br.milli ára	Breyting
Rekstrartekjur	2.339	2.668	2.915	3.086	171	5,9%
Rekstrargjöld	-2.201	-2.349	-2.791	-2.955	-164	5,9%
Fjármagnsliðir	-238	-172	-607	-320	287	-47,3%
	<b>-100</b>	<b>147</b>	<b>-483</b>	<b>-189</b>	<b>294</b>	<b>-60,9%</b>
Óreglul. Tekjur (-gjöld)	36			-63		
	<b>-64</b>	<b>147</b>	<b>-483</b>	<b>-252</b>	<b>231</b>	<b>-47,8%</b>

Eins og hér sést hækka rekstrartekjur um 5,9% milli ára og rekstrargjöld einnig. Það sem áfram hefur vegar afgerandi áhrif á niðurstöðu ársins er hár fjármagnskostnaður þrátt fyrir að hann hafi lækkað um 47% frá árinu á undan.

## Rekstrarkostnaður

Þegar horft er til rekstrarútgjalda, þá er vert að geta þess að laun og launatengdur kostnaður eru þar langstærstu kostnaðarliðirnir. Hjá samstæðunni allri, A og B hluta, hljóðuðu þessir kostnaðarliðir upp á um **1.738 millj. króna** á árinu eða sem nemur um **56,3%** af samanteknum tekjum samstæðunnar. Hér er ekki talin með hækkun lífeyrisskuldbindingar ársins. Sambærilegar tölur fyrir A hluta eingöngu eru þær að laun og launatengdur kostnaður var um **1.651 millj. króna** eða **61,4%** af heildartekjum A hlutans. Er ljóst að þetta hlutfall er orðið allt of hátt og ef ekki verða grundvallarbreytingar á tekjuforsendum, t.d. með löngu tímabærri leiðréttingu á því misræmi sem myndast hefur milli kjustofna ríkis og sveitarfélaga hvað tekjustofna varðar, verður að grípa hér í tauma og leita leiða til lækkunar launakostnaðar. Eftirfarandi tafla (2) sýnir samanburð á þessum kostnaðarliðum fyrir áin 2006 - 2009.

Tafla 2	2006		2007		2008		2009	
	A+B	A	A+B	A	A+B	A	A+B	A
Rekstrartekjur	2.339	2.034	2.668	2.348	2.915	2.542	3.086	2.689
Laun og launat.gjöld	1.304	1.238	1.401	1.325	1.551	1.471	1.738	1.651
Hlutfall af tekjum	<b>55,8%</b>	<b>60,9%</b>	<b>52,5%</b>	<b>56,4%</b>	<b>53,2%</b>	<b>57,9%</b>	<b>56,3%</b>	<b>61,4%</b>

## Áhrif efnahagsástands og óvæntra rekstrarfærslna.

Eins og sést í töflu 1 hér að framan hefur ytra umhverfi haft mikil áhrif á rekstrarniðurstöðu undanfarin tvö ár þar sem fjármagnsliðir valda verulegum neikvæðum viðsnúningi frá árinu 2007 sem er síðasta uppgjörssár fyrir hrun. Af þeirri ástæðu einni er forvitnilegt að nota það ár sem samanburðarár en einnig vegna þess að það ár hefur þá sérstöðu að mati undirritaðs að vera það ár þar sem tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga er næst því að vera eins og hún á að vera ef svo má að orði komast. Þ.e. aukaframlög Jöfnunarsjóðs það ár náðu að rétta af stöðu sveitarfélaga gagnvart ríkissjóði og draga verulega úr skekkju þeirri í tekjuskiptingu sem ríkir og hefur gert um langt árabíl. Gallinn er hins vegar sá að um aukaframlög var að ræða og ekki hafði þá og hefur ekki enn tekist að ná samningum við ríkisvaldið um löngu tímabæra leiðréttingu tekjuskiptingar þessara stjórnvinstuga með beinum hætti. Í töflu 3a er skoðað hver rekstrarniðurstaða ársins hefði orðið ef stöðugleiki hefði ríkt og fjármagnsliðir væru svipuð stærð og árið 2007 en aðrar tölulegar forsendur eins og þær eru í ársreikningnum (Tafla 3a). Sýnir taflan að rekstrar-niðurstaða hefði þrátt fyrir þetta orðið neikvæð um **41 millj. króna** en segja má að það sé viðunandi þegar horft er til þess að skatttekjur hafa lækkað mjög frá árinu 2007 vegna lækkunar Jöfnunarsjóðs-framlaga og skekkjan í tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga er aftur farin að segja til sín. Nemur raunlækkun framlaga Jöfnunarsjóðs á þessum tíma um 300 millj. króna. Sambærilegum samanburði vegna ársins 2008 er leyft að fljóta hér með til nánari glöggvunar þar sem fjármagnsliðir eru færðir niður á sama hátt.

Tafla 3a	2007	2008	2009	Mismunur	Breyting
Rekstrartekjur	2.668	2.915	3.086	171	5,9%
Rekstrargjöld	-2.349	-2.791	-2.955	-164	5,9%
Fjármagnsliðir	-172	-172	-172	0	0,0%
	<b>147</b>	<b>-48</b>	<b>-41</b>		

Ef horft er í samhengi á þessi tvö ár eftir hrúnið, þá hækkuðu rekstrargjöld á árinu 2008 hlutfallslega meira en rekstrartekjur milli ára sem fólst að nokkru í hækkun annars vegar lífeyrisskuldbindingar milli ára umfram það sem áætlun gerði ráð fyrir og hins vegar í töluverðri hækkun niðurfærslu viðskiptakrafna. Nam hækkun lífeyrisskuldbindingar umfram áætlun um 28 millj. króna það ár og niðurfærsla viðskiptakrafna umfram áætlun var um 25 millj. króna. Samtals eru þetta 53 millj. króna. **Árið 2009** snýst dæmið

við hvað lífeyrisskuldbindingu varðar og er uppfærsla hennar **29,4 millj. króna** lægri en áætlun gerði ráð fyrir en aftur koma hins vegar til á því ári töluvert hærri tölur vegna niðurfærslu viðskiptakrafna eða samtals **35,5 millj. króna** umfram áætlaða fjárhæð. Til viðbótar því eru færðir verulega niður eignarhlutir í öðrum félögum og er þar stærst niðurfærsla eignarhluta Aðalsjóðs og Skagafjarðarveitna í Gagnaveitu Skagafjarðar. Samtals nemur þessi niðurfærsla eignarhluta um **63,3 millj. króna**. Skýra þessar færslur að stærstu leyti þann mismun sem er á fjárhagsáætlun og rekstrarniðurstöðu bæði A og B-hlutans.

Lítum nú á hvernig niðurstaða ársins hefði orðið ef ekki hefðu komið til þessar háu niðurfærslur eignarhluta í félögum og viðskiptakrafna, sem að stærstum hluta var ekki gert ráð fyrir í áætlun ársins (Tafla 3b). Með flýtur samskonar breyting á árinu 2008 til glöggvunar:

Tafla 3b	2007	2008	2009	Áætlun	Mismunur	Frávik %
Rekstrartekjur	2.668	2.915	3.086	2.943	143	4,9%
Rekstrargjöld	-2.349	-2.738	-2.885	-2.806	-79	2,8%
Fjármagnsliðir	-172	-607	-320	-308	-12	3,7%
	<b>147</b>	<b>-430</b>	<b>-119</b>	<b>-172</b>	<b>53</b>	<b>-30,8%</b>

Áætlun ársins gerði ráð fyrir **172 millj. króna** rekstrartapi á samstæðunni og hefðu ekki komið til umræddra niðurfærslna viðskiptakrafna umfram það sem áætlun ársins gerði ráð fyrir og heldur ekki þessarar háu niðurfærslu eignarhluta í Gagnaveitu Skagafjarðar hefði rekstrarniðurstaða orðið sem nemur **53 millj. króna** betri en áætlunin gerði ráð fyrir eða rekstrartap að fjárhæð **119 millj. króna**.

Þegar þessar háu niðurfærslur eru teknar út og jafnframt því skoðað hvernig dæmið liti út ef viðmiðun fjármagnsliða er færð niður eins og gert var í töflu 3a eða í svipaða fjárhæð og árið 2007 verður rekstrarniðurstaða samstæðunnar, A og B hluta jákvæð sem nemur um **29 millj. króna**. (Tafla 3c). Með flýtur aftur samskonar breyting á árinu 2008 til glöggvunar og sambærileg breyting á áætlun ársins einnig:

Tafla 3c	2007	2008	2009	Áætlun	Mismunur	Frávik %
Rekstrartekjur	2.668	2.915	3.086	2.943	143	4,9%
Rekstrargjöld	-2.349	-2.738	-2.885	-2.806	-79	2,8%
Fjármagnsliðir	-172	-172	-172	-172	0	0,0%
	<b>147</b>	<b>5</b>	<b>29</b>	<b>-35</b>	<b>64</b>	<b>-181,7%</b>

## Rekstur málaflokka – ráðstöfun skatttekna.

Vert er að skoða hvernig skatttekjum sveitarfélagsins er ráðstafað til einstakra málaflokka í A hluta en skatttekjur eiga að standa undir rekstri hans samkvæmt þeim viðmiðum sem gengið er út frá. Eftirfarandi tafla (Tafla 4) er sambærileg og tafla í skýringu 43 á bls. 24 í ársreikningi. Í töflunni er hér sýndur samanburður fimm ára, 2005 – 2009.

Hvað stærsta málaflokkinn varðar, fræðslu- og uppeldismálin, þá fer kostnaður við hann aftur hækkandi sem hlutfall af skatttekjum en hvert prósentustig í þeim málaflokki hefur mikil áhrif eins og menn þekkjá. Þrátt fyrir að í þessum málaflokki hafi víða tekist að hagræða er óviðunandi til lengri tíma að málaflokkurinn fari svo mikið sem raun ber vitni fram úr áætlun ársins.

Tafla 4

Aðalsjóður	2009	%	2008	%	2007	%	2006	%	2005	%
Skatttekjur	2.097		2.035		1.899		1.604		1.388	
Félagspjónusta	-101	-5,0%	-105	-5,2%	-77	-4,0%	-83	-5,2%	-67	-4,8%
Heilbrigðismál	-13	-0,6%	-11	-0,6%	-10	-0,5%	-9	-0,6%	-9	-0,6%
Fræðslu- og uppeldismál	-1.246	-61,2%	-1.131	-55,6%	-979	-51,6%	-912	-56,9%	-814	-58,6%
Meningarmál	-115	-5,7%	-110	-5,4%	-87	-4,6%	-80	-5,0%	-71	-5,1%
Æskulýðs- og íþróttamál	-254	-12,5%	-229	-11,2%	-211	-11,1%	-215	-13,4%	-189	-13,6%
Brunamál og almannavarni	-44	-2,2%	-45	-2,2%	-39	-2,1%	-25	-1,6%	-42	-3,0%
Hreinlætismál	-34	-1,7%	-28	-1,4%	-19	-1,0%	-23	-1,4%	-10	-0,7%
Skipulags- og byggingarmál	-45	-2,2%	-47	-2,3%	-33	-1,7%	-30	-1,9%	-30	-2,2%
Umferðar- og samgöngumál	-59	-2,9%	-57	-2,8%	-55	-2,9%	-52	-3,2%	-41	-3,0%
Umhverfismál	-51	-2,5%	-45	-2,2%	-40	-2,1%	-35	-2,2%	-35	-2,5%
Atvinnumál	-41	-2,0%	-36	-1,8%	-36	-1,9%	-36	-2,2%	-28	-2,0%
Framlög til B hluta	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	-18	-1,3%
Sameiginlegur kostnaður	-177	-8,7%	-139	-6,8%	-128	-6,7%	-132	-8,2%	-98	-7,0%
Lífeyrisskuldbinding, breyti	-30	-1,5%	-96	-4,7%	-49	-2,6%	-79	-4,9%	-91	-6,6%
Óvenjulegir liðir	0	0,0%	-25	-1,2%	-7	-0,4%	-2	-0,1%	-4	-0,3%
Fjármunat. og fjárm.gjöld	96	4,7%	254	12,5%	129	6,8%	104	6,5%	63	4,5%
<b>Aðalsjóður samtals</b>	<b>-17</b>		<b>184</b>		<b>257</b>		<b>-5</b>		<b>-96</b>	
<i>Aðrir sjóðir í A hluta:</i>										
Eignasjóður	-122	-6,0%	-283	-13,9%	-82	-4,3%	-45	-2,8%	-35	-2,5%
Pjónustustöð	-27	-1,3%	-25	-1,2%	-13	-0,7%	-4	-0,2%	-23	-1,7%
<b>A hluti - sveitarsjóður samtals</b>	<b>-166</b>		<b>-124</b>		<b>162</b>		<b>-54</b>		<b>-154</b>	

Hvað hlutfallsútreikninga varðar er ljóst að á meðan sú þróun varir að tekjur lækki að raunvirði vegna lækkunar framlaga Jöfnunarsjóðs er sú staða einfaldlega uppi að herða þarf tókin og draga verulega úr rekstrarkostnaði. Að því hefur verið unnið markvisst en betur má ef duga skal og verður að huga að þeim málum af krafti á næstu mánuðum og árum. Á þetta við um allan rekstrarkostnað og ekki verður komist hjá því aða mati undirritaðs að beina sjónum að þeim málaflökum sem mest taka til sín af fjármagni hvers árs. Búið er á undanförunum árum að draga verulega úr almennum rekstrarliðum og þjónustu og blasir því við að raunvereulegur árangur í sparnaði verður að fela í sér einhverjar breytingar í starfsmannahaldi heilt yfir. Hjá því verður ekki komist. Sá málaflökur sem tekur næst mest til sín af skatttekjunum eru Æskulýðs- og íþróttamál. Mikið starf hefur verið unnið í þeim málaflökum til hagræðingar og sjást þess glögg merki þegar mál eru skoðuð ofan í kjölinn. Enn er unnið hörðum höndum að hagræðingu þar sem skilar sér síðar sem og í öðrum málaflökum en mikilvægt er að ná góðum árangri hvað þetta varðar svo unnt verði þegar til lengri tíma er litið að standa vörð um grunnildin í þjónustu sveitarfélagsins við íbúa sína.

### Samanburður fjárhagsáætlunar og rauntalna

Þegar samanburður áætlunar og rauntalna í rekstri er skoðaður ber að hafa í huga að áætlun ársins var um margt aðhaldssöm. Áætlun um tekjur var heilt yfir lægri en búast mátti við að rauntekjur yrðu við uppgjör og reynt var að gæta ýtrasta aðhalds við áætlun á útgjaldaliði. Víða gætir misræmis en það á við um bæði tekjur og gjöld en heilt yfir stenst áætlun ársins nokkuð vel þó betur megi ef duga skal. Ber að hafa þetta í huga við yfirferð ársreikningsins. Vísa ég að öðru leyti til ágætra skýringa og sundurliðana með ársreikningnum hvað þennan lið varðar. Til nánari greiningar sýnir eftirfarandi tafla (Tafla 5) heildaryfirlit um rekstur samstæðunnar á árinu og frávik einstakra liða frá fjárhagsáætlun ársins.

Tafla 5

Heildaryfirlit um rekstur	Ársreikningur	Áætlun	Hlutfall af áætlun	
<b>Aðalsjóður:</b>	<i>Niðurstaða</i>	<i>Áætlun</i>	<i>Mismunur</i>	
Skatttekjur .....	2.096.957	2.029.200	67.757	3,3%
Félagsþjónusta .....	-101.106	-109.962	8.856	-8,1%
Heilbrigðismál .....	-12.598	-12.276	-322	2,6%
Fræðslumál .....	-1.245.920	-1.171.002	-74.918	6,4%
Menningarmál .....	-115.127	-105.577	-9.550	9,0%
Æskulýðs og íþróttamál .....	-254.422	-254.979	557	-0,2%
Brunamál og almannavarnir .....	-44.121	-50.151	6.030	-12,0%
Hreinlætismál .....	-34.042	-23.804	-10.238	43,0%
Skipulags- og byggingarmál .....	-44.927	-46.472	1.545	-3,3%
Samgöngumál .....	-59.560	-60.407	847	-1,4%
Umhverfismál .....	-50.736	-59.781	9.045	-15,1%
Atvinnumál .....	-41.106	-44.820	3.714	-8,3%
Framlög til B-hluta .....			0	
Sameiginlegur kostnaður .....	-155.882	-152.275	-3.607	2,4%
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	-29.539	-50.000	20.461	-40,9%
Óvenjulegir liðir .....	-21.500	0	-21.500	
Fjármagnsliðir .....	95.792	113.113	-17.321	-15,3%
<b>Aðalsjóður samtals</b>	<b>-17.838</b>	<b>807</b>	<b>-18.645</b>	<b>-2310,5%</b>
<b>A-hluta stofnanir:</b>				
Eignasjóður .....	-121.200	-116.398	-4.802	4,1%
Þjónustustöð .....	-27.286	-35.153	7.867	-22,4%
Innri færslur A hluta .....	0	0	0	0,0%
<b>A-hluti samtals</b>	<b>-166.324</b>	<b>-150.744</b>	<b>-15.580</b>	<b>10,3%</b>
<b>B-hluta fyrirtæki:</b>				
Hafnarsjóður .....	5.445	3.284	2.161	65,8%
Skaga fjarðarveitur ehf. ....	-42.599	20.595	-63.194	-306,8%
Fráveita .....	34.848	33.650	1.198	3,6%
Félagslegar íbúðir .....	-82.410	-79.047	-3.363	4,3%
Tímatákn ehf. ....	-1.051	117	-1.168	-998,3%
Innri færslur A og B hluta .....	0		0	0,0%
<b>A og B-hluti samtals</b>	<b>-252.092</b>	<b>-172.145</b>	<b>-79.947</b>	<b>46,4%</b>

Við verðum að vera vakandi á hverjum tíma og grípa inn í mál tímanlega ef sýnt er að rauntölur rekstrarliða eru að fara á svig við tölur í samþykktri fjárhagsáætlun á hverjum tíma. Vegna þess efnahagsástands sem við búum við verður að fylgja þessu eftir með enn meiri þunga og þó mikið starf hafi verið unnið til að auka hagræðið í rekstri sveitarfélagsins og stofnana þess er ljóst að taka þarf þar enn betur á vegna fyrirsjáanlegst tekjutaps sem fylgir lækkandi tekjum ríkissjóðs. Tekjufall ríkissjóðs hefur bein áhrif á afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og þar með framlög frá honum til sveitarfélaga.

Til enn frekari glöggvunar set ég hér einnig inn yfirlit (Tafla 6) er sýnir frávik rekstrartekna og rekstrar-kostnaðar málaflokka frá fjárhagsáætlun hverju sinni á verðlagi hvers árs s.l. sex ár. Þetta er fróðlegur samanburður og dálkurinn lengst til hægri sýnir frávik einstakra málaflokka og rekstrareininga frá fjárhagsáætlun á öllu tímabilinu.

Athyglisvert er að þó töluverð frávik séu á einstökum liðum innan hvers árs er heildaráætlun hvers árs nokkuð nærri áætlaðri niðurstöðu ef frá er talið árið 2007 sem hefur, eins og getið er um hér fyrr, nokkra sérstöðu vegna óvenju hárra framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Heildarfrávik allra sex árunna er nokkuð nálægt því að vera sama frávik og varð á árinu 2007.

**Tafla 6**

Aðalsjóður:	2009	2008	2007	2006	2005	2004	Samtals
Skatttekjur .....	67.757	63.316	158.832	103.676	77.743	63.062	<b>534.386</b>
Félagsþjónusta .....	8.857	-631	4.810	3.814	4.854	-8.203	<b>13.501</b>
Heilbrigðismál .....	-322	-691	1	446	692	142	<b>268</b>
Fræðslumál .....	-74.918	-87.407	-38.374	-55.081	-40.714	-28.237	<b>-324.731</b>
Menningarmál .....	-9.550	-14.404	-875	-3.330	-1.863	-4.114	<b>-34.136</b>
Æskulýðs og íþróttamál .....	-838	-6.183	-12.137	-19.185	-7.704	-11.754	<b>-57.801</b>
Brunamál og almannavarnir ..	6.030	-2.854	-704	11.366	-4.580	5.156	<b>14.414</b>
Hreinlætismál .....	-10.238	-12.011	4.020	-4.360	8.121	1.379	<b>-13.089</b>
Skipulags- og byggingarmál .....	1.545	11.546	3.516	-2.864	31	4.397	<b>18.171</b>
Samgöngumál .....	847	-5.651	-7.468	-15.107	-4.252	276	<b>-31.355</b>
Umhverfismál .....	9.044	-313	-1.911	-824	-1.016	-1.947	<b>3.033</b>
Atvinnumál .....	3.714	-2.928	-479	-4.936	-2.542	-6.678	<b>-13.849</b>
Framlög til B-hluta .....	0	0	0	0	0	0	<b>0</b>
Sameiginlegur kostnaður .....	-23.712	4.968	3.320	-5.842	-1.187	-7.090	<b>-29.543</b>
Lífeyrisskuldbinding, breyting ..	20.461	-21.161	25.681	-10.318	-52.155	-24.991	<b>-62.483</b>
Óvenjulegir liðir .....	0	-25.347	-6.741	703	-3.524	25.845	<b>-9.064</b>
Fjármagnsliðir .....	-17.321	117.817	50.568	2.030	11.336	9.889	<b>174.319</b>
<b>Aðalsjóður samtals</b>	<b>-16.635</b>	<b>18.066</b>	<b>182.059</b>	<b>188</b>	<b>-14.755</b>	<b>19.136</b>	<b>182.041</b>

### Fjárfestingar og framkvæmdir.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam samtals rúmum **400 millj. króna** á árinu hjá samstæðunni í heild. Áætlun gerði ráð fyrir fjárfestingum samtals að fjárhæð um **449 millj. króna**. Mismunur á þessum tölum á sér fyrst og fremst skýringu í frestun einstakra stórra verkþátta og verkefna sem færð voru yfir til ársins 2010. Eftirfarandi tafla (Tafla 7) sýnir hvernig þessi mismunur á rauntölum og áætlun skiptist milli sjóða og stofnana sveitarfélagsins.

Tafla 7	Rauntölur	Áætlun	Mismunur
<b>Eignasjóður</b>			
- ýmis verkefni	10.875	29.000	-18.125
- Leikskóli við Árkíl	180.739	210.000	-29.261
- Árskóli	31.129	29.000	2.129
- Miðgarður	45.115	16.000	29.115
- Sæmundargata 7, Hús frítímans	2.064	0	2.064
- Tjaldstæðahús Sauðárkróki	14.316	4.500	9.816
- Verknámshús, viðb.	19.140	20.000	-860
- Sundlaug Hofsósi	6.919	5.000	1.919
- Götur, gangst., reiðv.	4.329	38.934	-34.605
<b>Eignasjóður samt.</b>	<b>314.626</b>	<b>352.434</b>	<b>-37.808</b>
Þjónustustöð	1.300	2.000	-700
<b>A-hluti samtals</b>	<b>315.926</b>	<b>354.434</b>	<b>-38.508</b>
Hafnarsjóður	16.463	0	16.463
Skagafjarðarveitur	43.168	57.445	-14.277
Fráveita	24.964	36.898	-11.934
<b>B-hluti samtals</b>	<b>84.596</b>	<b>94.343</b>	<b>-9.747</b>
<b>Alls</b>	<b>400.522</b>	<b>448.777</b>	<b>-48.255</b>

## Helstu lykiltölur.

Hvað lykiltölur varðar vísast til töflu á bls. 23-28 í ársreikningnum þar sem eru fjöldi lykiltalna úr rekstri og efnahag sveitarfélagsins og stofnana þess og samanburður gerður allt aftur til ársins 2005. Ég hef einungis dregið hér út þær helstu, sem hvað oftast er vitnað til, þegar borin eru saman sveitarfélög eða skoðuð þróun í rekstri einstakra sveitarfélaga og stofnana þeirra milli ára eða yfir langt tímabil (Tafla 8).

Tafla 8 (þús. kr. pr. íbúa)	2009	%	2008	2007	2006	2005	2004	2003
- Skatttekjur	497	1,2%	491	466	391	336	305	279
- Laun og launat.gjöld	-399	10,5%	-361	-329	-304	-270	-234	-210
- Annar rekstrarkostnaður	-224	2,3%	-219	-165	-148	-133	-144	-138
- Eignir	940	26,7%	742	733	602	573	576	565
- Eigið fé	354	35,6%	228	228	121	133	169	195
- Skuldir án skuldbindinga	426	16,7%	365	365	351	328	315	286
- Veltufé frá rekstri	18	-41%	51	86	37	13	4	-5
- Veltufjárhlutfall	1,05	-64,7%	1,51	1,91	1,68	1,36	1,26	1,02
- Eiginfjárhlutfall	0,38	-46,2%	0,26	0,31	0,20	0,23	0,29	0,31
<b>Íbúafjöldi</b>	<b>4137</b>		<b>4077</b>	<b>4027</b>	<b>4078</b>	<b>4110</b>	<b>4141</b>	<b>4178</b>
+ fjölgun / - fækkun milli ára	60		50	-51	-32	-31	-37	-101
- hlutfallsleg	1,5%		1,2%	-1,3%	-0,8%	-0,8%	-0,9%	

## Samantekt í lokin

Ársreikningur 2009 fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð ber áfram merki bankahrunsins á haustmánuðum 2008 og þeirra efnahagsþrenginga sem fylgt hafa í kjölfarið. Sviptingar í gengi íslensku krónunnar auk mikillar verðbólgu olli verulegri hækkun á fjármagnsliðum árið 2008 og þó þessir liðir lækki verulega milli árunna 2008 og 2009 eru þeir enn að íþyngja meira í rekstri en æskilegt væri. Vandséð er hvernig sveitarfélög geti varið sig í rekstri í því árferði sem nú ríkir og með það tekjutap yfir höfði sér sem vofir yfir vegna frekara tekjufalls hjá ríkissjóði. Það veður þó að segjast að unnist hefur nokkur varnarsigur með þeim árangri sem þó hefur náðst í rekstrinum með fjölmörgum hagræðingaraðgerðum en betur má ef duga skal. Fjárhagsstaða sveitarfélagsins er traust og efnahagur góður en auðvelt er að missa það úr böndum ef ekki er vel á málum haldið á næstu misserum og árum. Fjöreggið er viðkvæmt og ljóst að grípa þarf til ýmissa aðhaldsaðgerða svo sveitarfélagið verði áfram í góðri stöðu til að greiða niður skuldir sínar og geti áfram haldið mikilvægri uppbyggingu í okkar góða samfélagi. Mikið hefur verið framkvæmt á síðustu árum og mikil jákvæð uppbygging átt sér stað og góðri og traustri þjónustu við íbúana verið viðhaldið án mikilla breytinga þar á þrátt fyrir vaxandi utanaðkomandi erfiðleika.

Fjárfestingar voru verulegar eða um 400 millj. kr. Hagráðing og ábyrgur rekstur hafa stuðlað að getu sveitarfélagsins til framkvæmda og greiðslu lána án þess að skerða greiðsluhæfi sveitarsjóðs á sama tíma. Mikilvægt er þó að fara varlega þegar horft er til rekstrar og framkvæmda á hverjum tíma, ekki síst á viðsjárverðum tímum eins og nú og fara þarf ítarlega yfir allar rekstrarforsendur til framtíðar og grípa til frekari hagræðingaraðgerða til að sveitarfélagið haldi traustri stöðu og geti haldið áfram þróun samfélagsins og uppbyggingu íbúum til heilla.

18. maí 2010



Guðmundur Guðlaugsson  
Sveitarstjóri